

RANNSÓKNARAÐFERÐIR OG TÖLFRÆÐI II

E-315-RATO



Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: E-114-RATO Rannsóknaraðferðir og tölfræði I.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Haukur Freyr Gylfason.

Lýsing: Í þessu námskeiði er fjallað um mælingar og mælingafræði, áreiðanleika og réttmæti, öflun gagna, og tilgátuprófun þar sem dreifigreiningu (ANOVA) og aðhvarfsgreiningu er beitt, sem og stikalaus prófum (t.d. Kí-kvaðrat, Mann-Whitney). Einnig er SPSS-notkun þjálfuð við vinnslu og greiningu gagna, fjallað um siðfræði rannsókna, unnið að undirbúningi rannsóknarskýrsla sem byggja á APA-staðlinum og fjallað um eigindlegar rannsóknaraðferðir.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Skilið verðleika mismunandi gerða af tölfræðiprófum.
- Miðlað fræðilegum atriðum og niðurstöðum á skiljanlegan hátt á stöðluðu formi (APA).

Leikni

- Lesið, túlkað og metið tilgátur og upplýsingar.
- Notað t-próf og dreifigreiningu og skyld stikalaus (non-parametric) tölfræðipróf.
- Notað aðhvarfsgreiningu

Hæfni

- Skipulagt rannsóknir og stutt við fyrirliggjandi þekkingu.
- Beitt gagnrýnni hugsun við meðhöndlun gagna og unnið sjálfstætt eða með öðrum að rannsóknarverkefnum.
- Sýnt frumkvæði í vali á verkefnum og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsmat: Próf og verkefni.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.